

# Rees Howells – æviágrip:

Rees Howells fæddist í þorpinu Brynamman í Suður-Wales árið 1879 og var sjötta barnið í fjöskyldunni.

Afi hans og amma höfðu endurfæðst í vakningunni árið 1859. Þótt Rees væri trúaður, þá þekkti hann samt ekki nýja lífið.

Eftir að hann lauk skólagöngu 12 ára gamall, þá starfaði hann í járnbræðslu í 10 ár, en þá yfirgaf hann Wales til að hitta frænda sinn Ewan Lewis í Bandaríkjunum. Hann fékk starf í námu og góð laun. Honum brá samt dag einn, þegar Ewan spurði hann hvort hann væri endurfæddur. Rees var mikið fyrir að fara í kirkju og missti aldrei af bænastund. Þessi spurning kom honum svo úr jafnvægi, að hann flutti til bæjarins Martin's Ferry sem var 100 mílur í burtu.

Þegar hann var 23 ára, fékk hann skyndilega taugaveiki. Nærvera dauðans gerði það að verkum að hann fór að óttast um sinn eilífa hag. Hann flutti til bæjarins Connellsville í Pennsylvaníu. Þar var kristinn Gyðingur sem hét Maurice Reuben að halda trúboðssamkomur. Á þessum samkomum gafst Rees Howells Jesú Kristi.

Þessi nýja lífsreynsla varð til þess, að hann flutti aftur til Wales, árið 1904 þegar vakningin mikla kom.

Hin djúpa nærvera Guðs, hafði varanleg áhrif á hann. Rees þroskaðist fljótt í trúnni og gat farið að kenna öðrum sem höfðu frelsast í vakningunni. Samt vissi hann að hann þyrfti að eignast meiri andlegan kraft og á ráðstefnu árið 1906, skírðist hann í Heilögum anda með krafti.

Frá þessari stundu, fór Guð að prófa hann aftur og aftur til að búa hann undir þá köllun sem síðar átti eftir að birtast í lífi hans. Fyrsta prófið var að biðja fyrir óreglumanni sem hét Will Battery. Guð fyllti hjarta Howells af byrði fyrir þessum útigöngumanni og endaði með því að hann eyddi Jóladeginum með honum í ketilkompu, þar sem útigöngumaðurinn bjó á veturna. Þetta endaði með því að Will frelsaðist og losnaði algjörlega undan áfenginu.

Rees mætti eitt sinn hóp af drukknnum konum og ein þeirra virtist leiðtögin. Guð gaf honum neyð fyrir þessari konu og hóf hann að biðja fyrir henni, en Guð sýndi honum að hann mætti ekki hitta hana. Þetta endaði með því, að konan frelsaðist í kirkjunni á Jóladag.

Menn töldu Rees vera eitthvað skrýtinn, þegar hann hætti í þjónustu, til þess að stunda fyrirbæn 3 klukkutíma á hverri nóttu, en hann hefði algerlega misst glórana, þegar hann strengdi heit Nasírea og klippti hvorki hár né skegg í marga mánuði. Hann endaði þetta bænátímabil með 15 daga föstu og margir fóru að finna áþreifanlega fyrir nærveru Guðs í lífi hans.

Rees kvæntist Elizabeth Jones árið 1910 og byrjaði í biblíuskóla, en Guð kallaði þau hjónin til að verða trúboðar í Afríku. Árið 1915 fluttu þau til Gazalands í Suður-Afríku. Þar upphófst mikil vakning, sem var jafnvel meiri en vakningin mikla í Wales árið 1904. Eftir 5 ára starf í Afríku og ótrúlegan árangur snéru þau hjónin aftur til Wales árið 1920. Guð lagði þá köllun á Rees, að stofna biblíuskóla til að þjálfa ungt fólk til starfa á trúboðsakinum. Biblíuskólinn í Wales opnaði árið 1924.

Skólinn var ókeypis og fæði var selt ódýrt. Skólinn óx og dafnaði. Guð gaf skólahús, ráðstefnusal, kapellu og nemendabústaði, allt gegnum bæn.

Árið 1937, fengu Rees og bænahópurinn vitjun Heilags anda, og misstu allt tímaskyn í 3 vikur, meðan andinn leiddi þau í fyrirbæn. Þetta var undirbúningur fyrir árin framundan, þegar hópurinn þurfti að eyða öllum sínum tíma í fyrirbæn vegna styrjaldarinnar.

Með uppgangi Hitlers og Mússólínís, voru Rees og fyrirbiðjendurnir í skólanum, tæplega 100 manns kölluð til þess að standa í skarðinu með fyrirbæn fyrir þjóðunum. Sem fyrirbiðjendur, áttu þau ekki lengur heimtingu á eigin lífi. Á stríðsárunum var bænastarfið í gangi frá kl. 7 á morgnana til miðnættis alla daga ársins. Það er aðeins eilífðin sem getur opinberað hlut þeirra í þeim atburðum sem áttu sér stað.

Eftir lok stríðsins, var endurkoma Gyðinga til Palestínu mikið gleðiefni fyrir Rees og hópinn í skólanum. Rees Howells lést árið 1950, 71 árs að aldri. Lokaorð hans áður en hann lést voru: „Sigur, Hallelújah.“

## Rees Howells um fyrirbæn:

Guð gefur þér bænarefni, sem þú berð ábyrgð á að biðja í gegn.

Þegar Drottinn sýnir þér bænarefnið, þá ert þú tilbúinn að biðja fyrir því án tillits til þess hvað það kostar þig og hversu langan tíma það tekur.

Fyrirbæn er alltaf fullkomlega sjálfboðið verkefni. Þú ert aldrei neyddur til að biðja.

Þú þarft að samsama þig bænarefninu. Bænarefnið verður að vera þitt hjartans mál.

Fyrirbiðjandinn elskar Guð svo mikið, að hann vill hlýða honum. Fyrirbiðjendur eru tilbúnir að greiða gjaldið, vegna elsku þeirra til frelsarans ekki vegna eigin hagsmuna.

Fyrirbiðjandinn mun upplifa holskeflu eftir holskeflu af illsku frá heimi hins illa, þegar hann snertir Drottinn og andleg kerfi óvinnarins sem hafa haldið milljónum manna í fjötrum brotna niður.

Menn þurfa að deyja ýmsu til að ná árangri í fyrirbæn, en andi Guðs fær meira olnbogaráymi og í staðinn fá menn mikið vald yfir ríki óvinnarins.